



Selfossi, 14.mars 2023

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

**6. fundur stjórnar Brunavarna Árnessýslu haldinn þriðjudaginn 14. mars 2023, kl. 14.00 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi.**

Mætt: Helgi Kjartansson (formaður), Fjóla Kristinsdóttir, Bragi Bjarnason, Árni Eiríksson, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Lárus Kristinn Guðmundsson, Pétur Pétursson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

### 1. Launamál

Pétur sagði frá því að ný launatafla LSOS kom til framkvæmdar um mánaðarmótin febrúar/mars með afturvirkni til áramóta. Hækjunin er tæp 9% á laun almennra slökkviliðsmanna. Með hækjuninni lengist gildistími kjarasamninga til-loka september á þessu ári (2023).

EKKI var gert ráð fyrir þessari hækjun í fjárhagsáætlun BÁ vegna ársins 2023. Slökkvistjóra falið að framkvæma nánari útreikninga og kynna á næsta fundi.

### 2. Útkallstölfraði BÁ 2022

Pétur kynnti útkallstölfraði BÁ 2022. Tíðni útkalla á stöðvar var sambærileg milli áranna 2021 og 2022 en þau voru þá mun fleiri en árið 2020. Meðaltalklukkustunda í útköllum var lægra árið 2022 en undanfarin ár og má það m.a. rekja til dagvinnuliðsins sem nær að sinna flestum útköllum á dagvinnutíma án þess að boða þurfi auka mannskap.

Árið 2022 voru 24 útköll á stöðvar á fyrsta forgangi, F1, 120 í öðrum forgangi, F2, en langflest, eða 145 á þriðja forgangi, F3.

### 3. Kynning á Brunagátt og útkallsskýrslugrunni Húsnaðis- og Mannvirkjastofnunar

Pétur kynnti Bruna gátt og útkallsskýrslugrunn Húsnaðis- og Mannvirkjastofnunar.

### 4. Slökkvistöðvarmál á Laugavatni

Pétur og Helgi sögðu frá stöðu slökkvistöðvarinnar á Laugavatni. Sveitarfélagið hefur selt það hús sem slökkvistöðin er staðsett í í dag.

### 5. Staða endurskoðunar vegna ársins 2022

Pétur sagði frá því að endurskoðun sé í fullum gangi og KPMG stefnir að því að ársreikningur verði tilbúinn í lok mánaðarins.

### 6. Önnur mál

Jóhanna Ýr spurði hvernig staðan sé á nýri slökkvibifreið í Hveragerði. Sú bifreið er væntanleg í lok árs.

Fleira ekki gert.  
Fundur slitið kl. 15:06

Boggi  
Jóh. St. Þórssen  
Helgi Kjartansson  
Árni Eiríksson  
Unna Björg Ögmundsdóttir

Pétur Pétursson  
Lárus Kristinn Guðmundsson  
Unna Björg Ögmundsdóttir